



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

12. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 18. október 2024

kl. 12.00 - 14.00 haldinn í Gimli 301 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jónhönnu Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal, Ólafur Páll Jónsson, Þóroddur Bjarnason og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Hermína Gunnþórsdóttir.

Forföll: Ragna Benedikta Garðarsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundir með Ríkissáttasemjara.
2. Könnun meðal prófessora varðandi Ritlauna- og rannsóknasjóð. (Fskj. 1)
3. Skýrsla um akademískt frelsi á Norðurlöndum og málþing tengt henni. (Fskj. 2a-b)
4. Könnun á tíðni og skýringum kulnunar 2024. (Fskj. 3)
5. Umræðufundur með stjórnmalaleiðtogum.
6. Fundur FPR með félagsfólki og rektor HA.
7. Næsti fundur.
8. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.03.

1. Fundir með Ríkissáttasemjara.

Formaður sagði frá tveimur fundum sem samninganefnd FPR hefur átt með Ríkissáttasemjara. Fyrsti fundurinn var 9. október og sá seinni 15. október. Skipst hefur verið á upplýsingum og rök færð fyrir kröfum félagsins með gögnum þeim til stuðnings.

Rætt var um mikilvægi greinaskrifa um stöðu prófessora. Formaður er að vinna í grein til birtingar á Visir.is undir yfyrskriftinni „Myndir þú setta þig við tólf ára kaupmáttarstöðnun?“ Ragna er að undirbúa opið bréf til háskólamálaráðherra.

Guðný kom kl. 12.13.

Næsti fundur með Ríkissáttasemjara er áætlaður í næstu viku.

Hermína vék af fundi kl. 13.00.

Formaður lagði til að hafa félagsfund til að fara yfir stöðuna í kjaraviðræðum og heyra í fólki varðandi næstu skref. Ákveðið var að fundurinn verði 22. október kl. 16.30-18.00 í Lögbergi 101 og einnig á Teams. Fundarboð verður sent strax eftir stjórnarfundinn.

2. Könnun meðal prófessora varðandi Ritlauna- og rannsóknasjóð. (Fskj. 1)

Málið var á dagskrá síðasta fundar. Formaður sendi tillögu að könnun fyrir fundinn. Farið var yfir spurningarnar og breytingar gerðar með hliðsjón af tillögum formanns og Péturs

H. Petersen prófessors sbr. umræðu á síðasta fundi. Formaður setur inn breytingarnar og sendir stjórn aftur til skoðunar áður en hún verður send út til félagsfólks.

- 3. Skýrsla um akademískt frelsi á Norðurlöndum og málþing tengt henni.** (Fskj. 2a-b)
Skýrsla norrænu háskólafélagana um stöðu akademísks frelsis innan Norðurlandanna er tilbúin og komin á netið. Hólmfríður Garðarsdóttir fulltrúi félagsins kom að ritun skýrslunnar ásamt Henry Alexander Henryssyni. Stefnt er að því að gefa hana út á prenti í um 150 eintökum og dreifa til fulltrúa sem sækja þing Norðurlandaráðs í Reykjavík í lok mánaðar og fleiri aðila. Óskað var eftir því að félagið taki þátt í kostnaði á prentun skýrslunnar ásamt Félagi háskólakennara. Miðað verði við kostnað hjá Háskólaprenti sem er 258.000 kr. Samþykkt.

Grein um efnið verður birt við upphaf fundar Norðurlandaráðs sem þýdd verður á öll norrænu tungumálin. Formenn háskólafélagana þriggja, FPR, Fh og FHA munu skrifa undir íslensku útgáfuna.

- 4. Könnun á tíðni og skýringum kulnunar 2024.** (Fskj. 3)
Beiðni barst um að félagið sendi könnun meðal félagsfólks um tíðni kulnunar einkenna. Um er að ræða endurtekningu á könnun meðal félagsfólks FPR og FH sem fram fór árið 2022. Ragna B. Garðarsdóttir, prófessor í félagssálfræði við Sálfræðideild HÍ og fulltrúi í stjórn félagsins er ábyrgðarmaður rannsóknarinnar sem er unnin í samstarfi við Hjördísi Sigursteinsdóttur, dósent við Háskólann á Akureyri. Þorkell Magnússon, meistaranemi í félagssálfræði við HÍ mun vinna lokaverkefnið sitt í upp úr gögnum rannsóknarinnar. Niðurstöðum verður á framfæri á sem fjölbreyttastan hátt og í samstarfi verður við félagið. Beiðnin var samþykkt.

- 5. Umræðufundur með stjórnsmálaleiðtogum.**

Rætt var um að félagið verði með fund með framboðum sem bjóða sig fram til Alþingis-kosninga 30. nóvember nk. Fundurinn verði um miðjan nóvember. Formaður mun kanna hvort að FH og LÍS hafi áhuga á því að taka þátt.

Formaður upplýsti að BHM er að skipuleggja fundi með fulltrúum stjórnarflokkana ásamt stjórnnum aðildarfélaga bandalagsins.

- 6. Fundur FPR með félagsfólki og rektor HA.**

Formaður verður með opinn fund með prófessorum sem starfa við HA þriðjudaginn 30. október nk. kl. 11-12. Efni fundarins verður staðan í kjaramálum og aðstæður við HA. Þá verður fundur með rektor skólans þann sama dag.

- 7. Næsti fundur.**

Næsti fundur var áætlaður föstudaginn 25. október kl. 12-14 í Gimli 301.

- 8. Önnur mál.**

Ráðstefna ríkissáttasemjara og fræðsluráðs 28. nóvember nk.

Ráðstefnan sem var áætluð þann 28. nóvember nk. hefur verið frestað. Ekki hefur verið tilkynnt um nýjan tíma.

Það voru ekki fleiri önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.12.

Fundarritari: LÞ.